

RVK Studios ehf.
Þengilsbás 14
112 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2022
UST202209-272/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega- ýmis svæði

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn RVK Studios ehf., dagsett 28. september 2022 og 7. október 2022, um leyfi til drónaflugs og kvikmyndatöku innan friðlýstu svæðana Dyrhólaey, Geysir, Gullfoss, Reykjanesfólkvang og Skógafoss og vegna aksturs utan vega við Sólheimajökul og Loftsalahelli.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins

Geysir er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 660/2020. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi. Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnum loftföllum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Loftsalahellir er ekki í umsjón Umhverfisstofnunar, **umsækjandi þarf að sækja um leyfi hjá landeiganda og/eða sveitarfélagi.**

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess

að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Við Dyrhólaey, Geysi, Gullfoss, Reykjanesfólkvangi og Skógafoss munu tókur fara fram bæði á jörðu niðri og með dróna. Kort sem sýnir tókustaði og svæði sem flogið verður yfir fylgdi með umsókn. Engin leikmynd verður sett upp á svæðunum. Tókur munu fara fram við bílastæði og eftir gönguleiðum á svæðunum. Ekki er þörf á að fara útfyrir stíga. Sunna við Kleifarvatn verður jafnframt myndaður bíll á keyrslu eftir veginum. Dróna mun vera flogið yfir tókustað innan hver svæðis í 50-120 metra hæð. Hvert flug mun standa yfir í 15 mín, heildarflugtími á hverju svæði fyrir sig er áætlaður 1 klukkutími. Að tókunum koma 45-55 manns við Dyrhólaey, Geysi, Gullfoss, Reykjanesfólkvang og Skógafoss. Starfsmenn munu vera með salerni á kerru á bílastæðinu þar sem jafnframt verður lagt 20 bifreiðum af ýmsum stærðum. Við Sólheimajökul er óskað eftir leyfi til að keyra að gamla bílastæðinu og leggja 10 fólksbifreiðum, 4-6 sendibílum og ferðasalerni þar. Kort sem sýnir þá leið sem til stendur að keyra fylgdi með umsókn. Bílum verður lagt á bílastæðum við Loftsalahelli. Við Sólheimajökul og Loftsalahelli gæti jafnframt þurft að setja upp 3-4 tjöld við bílastæðin og mögulegan tókustað. Að tókunum koma 45-55 manns við Sólheimajökul og Loftsalahelli. Á hverju svæði fyrir sig munu tókur standa yfir í 3-6 klst á tímabilinu 17. -22. október 2022.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúruvar og verndargildi við Dyrhólaey, Geysi, Gullfoss og Skógafoss sé farið eftir skilyrðum leyfis. Drónaflug er talið geta haft neikvæð áhrif á upplifun annara gesta á svæðunum og stærð tókuliðs. Stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Við Sólheimajökull getur aksturinn haft rask í för með sér en áhrifin eru afturkræf sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um Reykjanesfólkvang sbr. auglýsing um friðlýsingu að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinnar innan fólkvangsins.

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda að verkefnið er ekki leyfisskylt við Loftsalahelli þar sem ekki er keyrt utan vega þar miðað við verklýsingu.

Umhverfisstofnun veitir RVK Studios ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku og drónaflugi innan Dyrhólaeyjar, Geysissvæðisins, Gullfoss og Skógafoss og akstri utan vega við Sólheimajökull sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 17.-22. október 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka bifreiðum sem tilgreindar eru í umsókn að og frá gamla bílastæðinu við Sóheimajökul.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu riski á jarðvegi og gróðri.
- Þar sem fjöldi bílastæða er takmarkaður til dæmis á Háey skal takmarka fjölda bíla á bílastæðinu til að tryggja að aðrir gestir geti lagt sínum bifreiðum. Umhverfisstofnun bendir á að hægt sé að nýta stærra bílastæði á Lágey og ferja starfsfólk þaðan.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður utan þess aksturs sem sótt var um í umsókninni.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga dróna inn í gilið við Skógafoss.
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að Vegagerðin hefur sett lengdartakmarkanir á bifreiðar sem geta keyrt upp á Háey í Dyrhólaey. Bifreiðar sem eru 5 metrar eða lengri hafa ekki heimild til að keyra vegin upp á Háey.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
svæðissérfræðingur